

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 128/826*  
*komudagur 21.1.2003*



Sýslumaðurinn á Keflavíkurlugvelli

Skrifstofan Grænási - 235 Keflavíkurlugvöllur  
sími: 421 1795 - bréfsími: 421 5166 - tölvupóstur: dc@dc.is

ALÞINGI  
Utanríkismálanefnd,  
Helga E. Þórisdóttir  
150 REYKJAVÍK

Keflavíkurlugvöllur 16. janúar 2003  
Tilvísun: 2002120042  
Bréfalykill: 0.1

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um almannavarnir o. fl., 464 mál.**

Embættið gerir engar athugasemdir við frumvarp þetta og tekur undir að breytingar þær sem það boðar stuðli að auknu öryggi og eflingu almannavarna í landinu.


Í athugasemdum við lagafrumvarpið kemur fram að unnið sé að uppbyggingu sameiginlegrar stjórnstövar leitar og björgunar og sé "slíkri stjórnstöð ætlað að vera stjórnstöð og/eða samhæfingarstöð almannavarna í almannavarnaástandi. Stjórnstöðin mun verða starfrækt í húsnæði ríkislögreglustjóra í Skógarhlíð."

Embættið bendir á að skv. 7. gr. almannavarnalaga fara lögreglustjórar með stjórn almannavarna hver í sínu umdæmi. Aðgerðarstjórn stýrir heildaraðgerðum innan síns lögregluumdæmis og er lögreglustjóri aðgerðastjóri. Þar sem aðgerðarstjórnin hefur aðsetur er því hin eiginlega stjórnstöð.

Skv. 2. gr. frumvarpsins er skilgreint hlutverk ríkislögreglustjórans vegna almannavarna, sem er yfirstjórn á aðstoð milli umdæma og aðstoð ríkisstofnana, yfirstjórn á flutningi fólks af hættusvæðum, samhæfing á landsvísu og bakland aðgerðastjórna.

Embættið leggur því til að notað verði orðið "samhæfingarstöð" um þessa starfsemi í Skógarhlíðinni en orðið "stjórnstöð" um aðsetur aðgerðastjórna til að forðast megi hugtakarugling.

Með fylgir til skýringar og fróðleiks ljósrit af stjórnkerfi úr drögum að Flugslysaáætlun Keflavíkurlugvallar.

  
Sævar Lýðsson, fulltrúi sýslumanns

## 5 Stjórnkerfi

### 5.1 Grunneiningar, hlutverk og tengingar stjórnerfisins

Grunneiningarnar í stjórnerfi almannavarna eru vettvangsstjórn, sem stýrir aðgerðum á vettvangi, aðgerðastjórn sem stýrir heildaraðgerðum innan lögregluumdæmisins og samhæfingarstöð Almannavarna ríkisins sem samræmir og stjórnar utanaðkomandi aðstoð. Stjórnskipuritið hér fyrir neðan sýnir tengsl á milli þessara grunneininga, hlutverk þeirra og tengingar viðbragðsaðila við stjórnerfið.

